

Márt 11., 1960

Garðar Jónsson.

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ.

1959.

Suðurlandsumdæmi.

Almennt yfirlit:

Laufgun í birkiskjólbeltnum á Tumastöðum var 25. maí, eða rúmum hálfum mánuði fyr en í fyrra, en lauffall var um 10. okt.

Vorið var gott til vinnu, en fremur kalt, um miðjan júní gerði nokkura daga snarpa nordanátt með frosti, fór það mjög illa með allan trjágróður, sem þá stóð í blóma t. d. eplatréin í Múmlakoti, sem þá voru með mikið af blómum féllu öll, svolitið blómstruðu þau aftur, en eplin náðu ekki fullum proska. Sama er að segja með rifs það féll allt og engin ber í sumar. Lúpínan á þveráraurum fór illa í þessu veðri og lítið fræ fékkst þar og það sem náðist er mjög lélegt að sjá. Sumarið var mjög úrkomusamt, sérstaklega síðari hluti, en yfirleitt var milt og gott veður. Með haustinu herti rigninguna og þá oft með roki, svo vinna nýttist illa og margt varð að vera ógert, sem hefði þurft að gera.

Árs vöxtur varð í góðu meðallagi. Vöxtur á sitkagreninu í brekkunni á Tumastöðum, varð meiri í ár, en undanfarin ár.

Allar kaupgreiðslur á árinu námu Kr. 442.829,47 og er það rúmum 28. þús. kr. meira en s.l. ár, af því var greitt til fólks búsettu í Fljótshlíðarhreppi Kr. 196.848,00, eða 46. þús. Kr. meira en í fyrra. Til fólks, sem heima á í Rangárvallasýslu voru greiddar Kr. 307.588,00.

Starfsfólk á árinu.

Mán.	jan.	febr.	mar.	apr.	maí.	jún.	júl.	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	
Kon.					22	29	22	11	8	1			
Karl.	1	1	1	2	8	10	11	9	7	4	1	1	
Samt.	1	1	1	2	30	39	33	20	15	5	1	1	139.

Girðingar:

Í Pjórsárdal var farið með allri gömlu girðingunni og hún lagfærð, víða varðað væta í nýjum spottum, sérstaklega við ár og læki. Byrjað var á nýrri girðingu, frá girðingarhornainu við Rauðakamba, rétt við hverinn og girtur 3.km. kafli þvert yfir Rossáraurana í stefnu á Stöng. Til girðingarinnar var vandað, girðingarnet, þrír strengir gaddavít, galvaniseraðir járnstaurar en renglur úr tré. Allir hornstaurar svo og kraftstaurar úr galvaniseruðum rörum, steyptir niður. Síðar er ætlunin að halda áfram fyrir norð-vestan Stangarhúsim yfir Rauðá á næsta fossi fyrir ofan Gjáarfoss og þaðan í beima stefnu í girðingarhorn á sandinum fyrir austan Hólaskóga. Tvö ný hlið voru sett á gömlu-girðinguna, annað á þjóðveginn inn í Pjórsárdal, en hitt á veginn heim að Skriðufelli. Hliðstaurar steyptir, en grindur úr járni.

Pórsmerkurgirðing var lagfærð eins og venjulega. Nýtt hlið og girðing var sett í Húsadal, því lækurinn hafði rutt bæði hliði og girðingu í burtu í fyrravetur. Hliðstólpar úr jármörum, steyptum niður, en hliðgrindur úr tré.

Skógarhögg:

Grisjað var á tveggja hektara svæði í Selhöfðum í Pjórsárdal og hrísið dregið saman í rastir með ca. 20. m. millibili. Fimm bílfarmar voru fluttir að Tumastöðum og notaðir í gróðrarstöðinni bar. Smávegis var grisjað frá rauðgreniplöntuninni 1948 í Selhöfðum. Rétt fyrir jólin voru 150 jólatré höggvin þar og sold í Reykjavík. Allur kostnaður við grísjun í Pjórsárdal varð Kr. 18.093,00 X

Gróðursetningar:

Í Selhöfðum voru gróðursettar samtals 26.400 plöntur, öllu spett-plantað í ákvæðisvinnu. Af því voru 20.þús. rauðgreni frá Rana og 2000 rauðgreni Sör-Helgeland, plantað með 75x75 cm. millibili. (jólatré 1775 stk. sitkagreni (Mendenhalljökull) 1800 stk. stafafura (Skagway)

og 825 stk. marböll (Cordova), þessu var plantað með 125x125 cm. millib. Allur kostnaður við gróðursetningu varð Kr. 19.722,64, eða tæpir 75 aurar á plöntu, en samanlagður kostnaður við grisjun og gróðursetningu og er þar meðtalinn flutningur á plöntum frá gróðrarstöð og kaup ráðskonu, en fyrir utan plöntuverð, varð Kr. 37.816,45, eða Kr. 1,43 pr.stk. Gróðursetningin var framkvæmd á tímabilinu frá 12 - 22 ágúst.

Í Skarfanesi voru gróðursettar 16.000 skógarfurur 3/0 (Troms-strönd) og 1000 stafafurur 2/3 (Skagway). Öllu varvplantað með spetti í dagvinnu. Kostnaður varð Kr. 2808,00, eða rúmir 25 aurar á plöntu. Þar sem planta var í er landið mjög gott. Gróðursett var frá 18 - 24 júní.

Að Pórsmörk var gróðursett 7. júní 700 stk rauðgreni (Rana) í gilið upp af Össu. Það voru nokkrir vinir Ólafs heitins Bergvinssonar frá Barkarstöðum, sem gróðursettu þetta til minningar um gamla manninn. Átlunin hjá þeim er að hafa framhald á þessari gróðursetningu.

Í Þorsteinslund við Hlíðarendakot, voru gróðursettar 2 júní 1000 stk. sitkabastarður 2/3 (Lawing).

Í haust var gróðursett í brekkuna fyrir ofan Múlakotsstöðina 500 stafafura 2/3 (Skagway).

Gróðursettar voru í Tumastaðabrekku 500 stk. sitkabastarður 2/3

Hjá deildum Skógræktarfélags Rangæinga var gróðursett sem hér segir í Skógaskólagirðingu 1500 stk. birki, 900 stk. sitkabastarður 2/3 (Lawing). Að Seljavöllum, 600 stk. sitkabastarður 2/3 (Lawing)

í Kverkina hjá Seljavlandi, 1500 stk. sitkagreni 2/3 (Cordova) og 500 stk. sitkabastarður 2/3 (Lawing). Í Tungugirðingu í Fljótshlíð 500 stk. sitkagreni 2/3 (Cordova) 950 stk. sitkabastarður 2/3 (Lawing) og 500 stk. stafafura 2/3 (Skagway). Gunnarsholtsgirðing 500 stk. birki 3/0, 200 stk. elri 4/0 (Rognan), 500 stk. sitkagreni 2/3 (Cordova) og 1500 stk. sitkabastarður 2/3 (Lawing). Í girðingu hjá Nefsholti, 500 stk. blágreni 2/3 (Sapinero) og 500 stk. sitkagreni 2/3 (Cordova)

í Ásmundarstaðagirðingu 1500 stk. sitkagreni 2/3 (Cordova) og 500 stk. skógarfura 3/0 (Troms-strönd). Í Þykkvabæjargirðingu 100 stk. þingviðir og 500 stk. birki 3/0.

Skógræktarfélag Mýrdælinga fékk 5700 stk. sitkagreni 2/3 (Cordova) og 300 stk. sitkabastarð 2/3 (Lawing). Þessu var plantað í Víkurkriður og Sólheimakotsgirðingu

Skógræktarfélag Árnesinga gróðursetti að Snæfoksstöðum, 8000 stk. sitkagreni 2/3 (Cordova), 2000 stk. skógarfura 3/0 (Troms-strönd) 1000 stk. brodd og blágreni 2/3 (Sapinero), 1000 stk. stafafura 2/3 (Skagway) og auk þessa fengu þeir ótaldar 4/0 skógarfurur (Troms-strönd og undirmálsplöntur af rauðgreni (Bindal). Þessar ótoldu plöntur gróðursettu þeir síðsumars, með unglungum frá Selfossi.

Byggingar og viðhald:

Í veturnar voru smiðuð í Reykjavík tvö flekahús, voru þau flutt upp í Þjórsárdal í sumar og standa nú í Selhöfðum. Húsin sem eru 12 manna svefnskáli og matarskáli ásamt eldhúsi og svefnplássi fyrir ráðskonu, eru smiðuð úr nótaðri vatnsklæðningu með tjörupappa á þaki.

Lokið var í haust við að setja járn á gömlu gróðurhúsgrindina, steyptur var veggur í miðju húsinu til styrktar, en gaflar eru úr nótaðri vatnsklæðningu. Atta gluggar eru á þakinu úr plastplötum. Á öðrum húsum á Tumastöðum, voru allir gluggar málæðir að utan, pak á útihúsi og skógarvarðarbústaður að utan.

Í Múlakoti var verkamannahúsið málæð að utan óg innan.

Leiðbeiningar og ferðalög:

Margar ferðir voru farnar til hjálpar og leiðbeininga Skógræktarfélögunum og deildum þeirra í umdæminu, ýmist þegar verið var að gróðursetja eða til undirbúnings gróðursetningu. Skuggamynndir sýndar og skýrðar eða lánaðar myndir og sýningarárvél eftir ástæðum.

Margar ferðir fór ég í skóglendi Skógræktar ríkisins, sérstaklega í

Pjórsárdal, vegna mikilla framkvæmda þar við girðingu og gróðursetningu

6 - 11 apríl sat ég fund skógræktarstjóra og skógarvarða í Reykjavík, einnig aðalfund Skógræktarfélags Íslands, haldinn að Hólum í Hjaltadal dagana 21 - 22 ágúst.

Trjámælingar rannsóknir og landmælingar:

Haustið 1958 voru herfaðar tvær spildur í Skarfanesi og sáð í þær menjuðu furufræi, í aðra skógarfuru en hina bergfuru. Í vor var farið með traktor uppeftir og tættar metars breiðar ræmur á um hálfum ha. og sáð í það skógarfurufraei, sömu sort og haustinu áður. Við athugun í haust fannst engin planta þar sem skógarfurunni hafði verið sáð og er ég ekki grunlaus að fræið hafi verið ónýtt eða mjög lélegt, en af bergfurunni var slæðingur yfir allt flagið.

Hæðarmælingar gerði ég á nokkrum trjám í haust, í sitkalundinum á Tumastöðum frá 1944.

Tré sem var 2,40 m. haustið 1956 er nú	3,10 m.
- - - 3,00 -	- - - - 4,25 -
- - - 2,60 -	- - - - 3,35 -
- - - 2,90 -	- - - - 3,60 -
- - - 2,40 -	- - - - 2,75 -
- - - 2,75 -	- - - - 3,35 -
- - - 3,05 -	- - - - 3,75 -
- - - 2,15 -	- - - - 2,60 -
- - - 2,30 -	- - - - 3,10 -
- - - 2,05 -	- - - - 2,65 -
- - - 2,75 -	- - - - 3,25 -
- - - 3,10 -	- - - - 3,85 -

Meðalárvöxtur á þessum 12 trjám hefur verið tæpir 23 cm. á ári.

Ymislegt:

Í vor var mikið lagfært í Múlakotsstöðinni, gangbrautir malbornar og afmarkaðar með snúrum, runnum og blómplöntum plantað, tré flutt og margt annað gert er betur pótti fara.

Pjórsárdalsgirðing var tvívegis smöluð í sumar og út úr henni rekið töluvert af fé í síðara sinnið, enda fann ég bilun, sem orðið hafði í læk fyrir vestan Hólaskóg, þegar ég fór með girðingunni 16 og 17 ágúst. Í sumar fann ég fjórar plöntur í Skarfanesi með skjaldlús.

Gróðrarstöð:

Vinna hófst í gróðrarstöðinni fyrst í maí, en lauk um mánaðarmótin okt. nóv. Einn maður vinnur þó allt árið mestanpart við stööina eða í sambandi við hana.

Smíðaoir voru 200m² af færانlegum sáðkossum, en svipað magn hefur gengið úr sér, svo alls erutil sáðkassar yfir 2500 m². Vermigluggar voru engir keyptir á árinu, en 10 gengu úr sér, eða 15 m², alls eru því til 1217 m². 50 stk. plonturlutningskassar voru smíðaoir og tekur hver kassi 100 - 500 plontur eftir stærð.

A síðustu árum hefur að miklu leyti verið hætt við torf, til varnar holklaka, en sandur, birkilim og skjólgrindur notað í staðinn, þetta hefur sparað mikinn kostnað og gefist vel fram að þessu.

Illgresisoliur voru mikil notaðar hér í sumar, með ágætum árangri þrátt fyrir óhagstætt veour til úðunar. Oftast varð að sprauta á kvoldin eða nöttunni. Aðallega var sprautað á 2/l plöntur, sáðbeðsplöntu og gotur. Alls voru notaðir 700 litr. af White spirit.

Hreinsun var í sæmilegu lagi hér í sumar, þrátt fyrir miklar úrkumur og þakka ég það mikil oliunum. Ekki sá neitt á plöntum ertir úðun, nema verið gæti að aðeins hafi dregið úr vexti þeirra.

Vöxtur varð í góðu meðallagi, nema á 2/0 plöntum, þar varð hann heldur lítill. Myglu varð lítið sem ekkert vart. Holklaki hefur verið mikill í nóv. des.

Tveim skjólbeltu var plantað vestur og suðvestur af skógarvaraðar bústað. Annað 200 m. langt, með 2 roðum af sitkagreni og 2 af víðir, en hitt 225 m. með 3 roðum af sitkagreni og tveim af víðir utanmeð. Samtals fóru í beltin 1160 stk. sitkagreni og 1700 víðiplontur.

Bil á milli raða er 1,25, en á milli greniplantna tæpur metir, á milli víðiplantna hálfur metir. Hreinsað var á milli raoanna með fræsara.

Keypt var í sumar mótorsláttuvél og blettirnir í kring um húsin sleagnir með henni, leit allt miklu þokkalegra út þegar komið var í hlað þessver?

í vor var spildan fyrir sunnan verkamannabústaðinn unnin og í hana borið. Plantað var í hana garðplöntum, af ýmsum aldri og stærðum samtals 13.600 stk. Bilið á milli raða var haft það mikið að götu-tatarinn var notaður til hreinsunar. Þetta hefur verið mesta óláns spilda, í sumar ætlaði ekki við neitt að ráðast þar fyrir arfa og í veturnar snýst þar allt við af holklaka. Fyrir vestan þessa gróðursetningu var sáð einæru lúpínufræi, en það kom svo seint, að ekki varð hálfir gagn af því til forræktunar.

Áburður: Húsdýraáburður var ekki notaður í gróðrarstöðina í ár, en þess í stað "Skarni" frá Sorpeyðingarstöð Reykjavíkur og var honum ekið að sunnan þegar ekki var annar flutningur. Þetta er ágætur lífrænn áburður og það sem mér þykir mest um vert, algerlega illgresis laus og góður í meðförum, en varast verður að nota hann of nýjan. Á allar 2/1 og 2/0 plöntur, var borinn Noregssaltpétur 8 - 10 kg á hverja 100 m².

Jarðvinnsla: Ekki var gerð nein stækkun á gróðrarstöðinni í sumar, en allir reitir plægðir og fræsaðir, þegar þeir tæmdust. Opnir skurðir voru hreinsaðir og hnausalokræsi opnuð, þar sem þau höfðu fallið saman. Nýtt 40 m. langt röralokræsi, var sett fyrir austan nýjareitinn, fyrir vestan skógarvarðarbústað. Byrjað var að ýta út skurðaruðningum, en það gekk illa og jarðýtan dýr, svo ég létt hætta.

Sáningar.

✓ Sitkagreni Homer	x B-437	11,00 kg.	raðsáð	368 m ²	4.	á stangli	
✓ Sitkabast. Lawing	x B-436-	2,90	-	raðsáð	73 -	4. á stangli	
✓ Hvítgreni Moose P.	x B-432	5,00	-	dreifs.	30 -	2. sémilegt	
✓ Hvítgreni Summit L.	x B-433	1,40	-	raðsáð	45 -	3. haldur gisið	
✓ Rauðgreni V.V.Binda	x B-427	5,50	-	raðsáð	161 -	2. ágætt	
✓ Blágreni Sapinero	x B-431	0,65	-	raðsáð	34 -	2. ágætt	
✓ Bergfura St.Pierre	x B-448	2,50	-	dreifs.	73 -	2. ágætt	
✓ Bergfura Rax Austur	x B-451	1,00	-	dreifs.	32 -	2. sémilegt	
✓ Norðm. Þinur Austurr.	x B-412	1,00	-	dreifs.	5 -	4. á stangli	
✓ Fjallapöll Lawing	x B-409	4,00	-	raðsáð	40 -	1. mjög þétt	
✓ Stafafura Skagway	x B-444	0,35	-	raðsáð	30 -	2. ágætt	
✓ Sveigfura Montana <small>(Gráþarlarfura)</small>	x B-453	0,85	-	dreifs.	4 -	4. á stangli	
✓ Albicaulisf.	-	x B-439	0,85	-	dreifs.	4 -	5. ekkert
✓ Birki	-	x B-416	<u>3,10</u>	-	dreifs.	<u>100 -</u>	1. mjög þétt
			Samtals	40,08 kg.	i	999 m	

Hausboðin '78

Silhagi. Sevord

2.00 kg 70 m²

Birki Vugli

3.00 75 -

Dreifsetning á Tumastöðum.

Barrtré.

Sitkagreni 102-100-56 Seward 2/0	169.500	stk.
/ Sitkagreni 108-100-54 Cordova 2/2	13.000	-
/ Blágreni 2033-3100-55 Sapinero 2/0	33.900	-
/ Broddgreni 2100-3100-56 Sapinero 2/0	58.700	-
/ Brodd-og blágreni 2050-3100-55 Sapinero 2/0	40.800	-
/ Rauðgreni 3421-100-51 Leirfjord Nesna 2/0	101.700	-
✓ Kinagreni 3500- -56 2/0	16.000	-
✓ Hvitgreni 313-300-56 St.-James 2/0	10.600	-
Douglasreni 2700- -55 Blue Mesa 2/0	<u>16.000</u>	<u>-</u> <u>460.200</u> <u>stk.</u>

Lauftré.

✓ Birki 001-100-54 Bæjarstað 3/0	<u>9.700</u>	<u>-</u> <u>9.700</u> <u>-</u>
----------------------------------	--------------	--------------------------------

Græðlingar.

Alaskaösp	10.000	-
Pingviðir	5.000	-
Ribs	2.500	-
Sólber	2.500	-
Viðja	600	-
Aðrar tegundir	<u>1.500</u>	<u>-</u> <u>22.100</u> <u>-</u>

Samtals 492.000 stk.

Dreifsetning á Tumastöðum frh.

Garðplöntur.

Sitkagreni 2/2	1.500	stk.
Sitkabastarður 2/2	2.200	-
Alaskaösp 1/0	2.600	-
Runnamura 1/0	600	-
Birki 3/0	400	-
Elri 3/0	1.200	-
Hlynur	1.200	-
Askur	200	-
Síberíubaunatré	400	-
Alaskaepli 3/0	400	-
Gráreynir 3/0	800	-
Seljureynir 3/0	1.400	-
Garðarós	100	-
Álmur	200	-
Sólber 1/0	400	-
		<u>13.600</u> stk.

Plöntur til dreisetningar 1960.

Barrtré.

Sitkagreni 102-100-56 Seward 3/0	160.000	stk.
Rauðgreni 3421-100-54 Rana 3/0	39.800	-
Fjallabinur 901-3000-55 Sapinero 3/0	12.000	-
Hvítbinur 2400-3000-55 Sapinero 3/0	700	-
Balsambinur 2750- -55 Newfoundland 3/0	2.500	-
Stafafura 1006-300-56 Salmon Arm 3/0	5.000	-
Lerki Sviss 3/0	2.000	-
Rússalerki 3654- -56 Onega 3/0	2.500	-
Fjallaböll 604-100-54 Lawing 4/0	<u>4.000</u>	<u>-</u> <u>228.500</u> <u>stk.</u>
Sitkabastarður Lawing 2/0	1.000	-
Sitkagreni Homer 2/0	75.000	-
Sitkagreni Seward 2/0	230.000	-
Rauðgreni Bindal 2/0	40.000	-
Rauðgreni R-K-E-D 2/0	74.000	-
Marböll Juneau 2/0	3.500	-
Fjallaböll Lawing 2/0	10.000	-
Fjallabinur Colorado 2/0	<u>800</u>	<u>-</u> <u>434.300</u> <u>-</u>
Brodd- og blágreni 2050-3100-54 Sap. 4/0	30.000	-
Broddgreni Colorado 2/0	60.000	-
Brodd- og blágreni Colorado 2/0	60.000	-
Skógarfura Troms str. 3/0	<u>50.000</u>	<u>-</u> <u>200.000</u> <u>-</u>
	Samtals	862.800 stk.

Plöntur til dreifsetningar 1960 frh.

Lauftré og græðlingar.

Alaskaösp	10.000	stk.
Pingviðir	5.000	-
Ribs	2.500	-
Sólber	2.500	-
Aðrar tegundir	5.000	-
		<u>25.000</u> stk.

2260
2095
8.81
112.33

Afhentar plöntur.

Skógarplöntur.

✓ Birki 001-100-55 Bæjarstað 3/0	2.260	stk.
✗ Birki Bæjarstað 2/2	2.095	-
✓ Skógarfura 3003-100-38 Troms-st. 4/0	23.550	-
✓ Rauðgreni 3403-100-51 Rana 2/3	43.900	-
✓ Rauðgreni 3404-100-51 Sör-Helgeland 2/3	35.300	- $\frac{1}{2} \cdot 56$ 77.000
✓ Broddgreni 2100-2400-54 Sapinero 2/3	950	- $\frac{1}{2} \cdot 56$ 36.000
✓ Brodd-og blágreni 2050-3100-54 Sap. 2/2	3.500	- $\frac{1}{2} \cdot 57$ 10.900
✓ Sitkagreni 108-100-54 Cordova 2/2	64.940	- $\frac{1}{2} \cdot 57$ 255.300
✓ Sitkagreni 109-100-54 Juneau ^{Hendigjublað} 2/2	8.900	- $\frac{1}{2} \cdot 57$ 38.700
✓ Sitkabastardur 401-200-54 Lawing 2/2 *)	28.500	- $\frac{1}{2} \cdot 57$ 84.400
✓ Bergfura 3/0	250	-
✓ Stafafura 1001-250-53 Skagway 2/2 ^{Haustlin} 14	12.250	- $\frac{1}{2} \cdot 57$ 20.800
✓ Stafafura 1002-3200-54 Skagway 3/0	5.500	-
✓ Marböll 700-100-54 Cordova 2/2	825	-
Elri 4200-200-54 Rognan 4/0	800	- <u>233.520</u> stk.

Garðplöntur.

✓ Birki	1.350	stk.
✓ Reyniviður	451	-
Álmur	32	-
Alaskaösp	2.651	-
Sitkagreni	287	-
Pingviðir	135	-
Gulviðir	99	-
Ribs	365	-
Sólber	226	-
Runnar	42	- <u>5.638-</u> -

Samtals 239.158 stk.

*) Alh. sín 55 Law.-M.P. 4 kg
Law. 2 -

Plöntur til afhendingar 1960.

Skógarplöntur.

Sitkagreni 108-100-54 Cordova 2/3	100.000	stk.
Sitkagreni 109-100-54 Mendenhall 2/3	18.000	-
Sitkabastardur 401-200-54 Lawing 2/3	33.000	-
Rauðgreni 3405-100-51 N-Helgeland 2/3	66.000	-
Rauðgreni 3404-100-51 Sör-Helgeland 2/4	20.500	-
Rauðgreni 3403-100-51 Rana 2/4	1.000	-
Broddgreni 2100-2400-52 Sapinero 2/4	2.500	-
Blágreni 2003-3000-55 Sapinero 2/2	15.000	-
Skógarfura w-100-38 4/0	(42.000)	-
Skógarfura Z-100-38 4/0	3.000	-
Skógarfura 3003-100-47 Troms-st. 3/0	55.000	-
Stafafura 1002-3200-54 Sapinero 2/3	1.500	-
Gráfura 2650-3300-54 Salida 4/0	500	-
Rússalerki 3654- -56 Onega 3/0	2.500	-
Lerki Sviss 3/0	2.000	-
rjallaböll 604- -54 Lawing 2/3	1.500	-
Nvítpinur 2400-3000-54 Sapinero 2/3	1.800	-
		<u>565.800</u> stk.

Síðsumarsplöntur.

Sitkagreni 108-100-54 Cordova 2/2	95.000	-
Blágreni 2003-3000-55 Sapinero 2/2	25.000	-
Rauðgreni 3405-100-51 N-Helgeland 2/2	29.000	-
		<u>149.000</u> -

Garðplöntur.

Reyniviður yfir 100 cm.	4.000	-
Birki 2/3	3.000	-
		<u>7.000</u> -

Samtals 521.800 stk.

Tumastöðum 31/12. 1959.

Gardar Jónasson